

FUNDARGERÐ

10. Fundar stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar Selfossi

Fundartími: Þriðjudaginn 27. janúar 2015 kl. 10.00

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon, en auk þeirra sátu fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður skóla- og velferðarsviðs Árnesþings og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir félagmálastjóri Félagsþjónustu Árborgar. Einnig sat Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar fundinn undir síðustu tveimur liðum.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Dagskrá:

1. Stjórnin skiptir með sér störfum.

Samþykkt var eftirfarandi:

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir varaformaður

Ásgeir Magnússon ritari

2. Fundargerð 86. fundar þjónusturáðs.

Stjórnin tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í fundargerð þjónusturáðsins að endurskoða samning um starf iðjubjálfa, en iðjubjálfi hefur verið í 20% starfi hjá þjónusturáðinu. Samþykkt að kalla eftir upplýsingum frá iðjubjálfa um starfsemina. Fundargerðin staðfest.

3. Fundargerð 87. fundar þjónusturáðs.

Fulltrúar úr þjónusturáði gerðu gein fyrir fund sem ráðið átti með Karli Pálmasynti rekstraraðila heimilisins í Kerlingadal. Fundargerðin staðfest.

4. Fundargerð 88. fundar þjónusturáðs.

Stjórnin fór yfir og samþykkti reglur þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks um afgreiðslu umsókna um skammtí mavistun og verklag. Fundargerðin staðfest.

5. Tillaga fagteymis um áætlun um búsetuuppbyggingu)áður á dagskrá á 8. fundi, frestað og óskað eftir greiningu á stöðunni m. tilliti til biðlista)

Fram lögð greinargerð með með kostnaðaráætlun fyrir uppbyggingu búsetuúrræða á þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks.

Stjórnin fór yfir tillögurnar sem gera ráð fyrir eftirfarandi:

1. Byggðar verði eða keyptar fimm íbúðir í fjölbýli eða raðhúsi auk rýmis fyrir starfsmannaaðstöðu á Selfossi.

2. Í stað heimilisins að Vallholti 9, verði byggður sex íbúða íbúðakjarni auk þjónusturýmis á Selfossi

Ekki var tekin afstaða til framangreindra tillagna, en samþykkt að senda þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands bréf og kanna áhuga þeirra á því að taka þátt í þessari uppbyggingu.

3. **Nýtt þjónustuform á Hvolsvelli sem felst í því að veitt verði búsetuþjónusta í tveimur íbúðum í eigu Rangárþings eystra, auk þess sem íbúð sem rúmar starfsmannaaðstöðu, skammtímavistun og dagþjónustu verði keypt á Hvolsvelli.**

Stjórnin tekur vel í framkomna hugmynd um notkun íbúðanna á Hvolsvelli, en frestar afgreiðslu erindisins.

6. **Samningu við sjálfstæða þjónustuaðila, endurnýjun/framlenging.**

Rætt um nauðsyn þess að ganga frá samningum til eins árs við þjónustuaðilana, en vegna óvissu um framhald verkefnisins verður að stefna að samningi til ársins. Samþykkt að ganga til þeirra viðræðna með það markmiði að framlengja núverandi samninga um ár og miða í því sambandi við vísitölubreytingar frá síðustu hækkun samninga.

7. **Samningur milli sveitarfélaganna sem mynda byggðasamlagið.**

Rætt um nauðsyn þess að ganga frá samningum við Sveitarflögin á grundvelli samþykktu þess. Ásta mun setja saman drög að slíkum samningum og senda á stjórnarmenn.

8. **Samningur byggðasamlagsins við Sveitarfélagið Árborg um sameiginlega þætti .**

Ásta mun setja saman drög að slíkum samningum og senda á stjórnarmenn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.00

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

María Kristjánsdóttir

Ingibjörg Garðarsdóttir